

Skilmálar um óbundinn sparnaðarreikning

Þessu skjali var breytt þann 16.03.2026 og tekur gildi þann:

- Ef þú hófst notkun á óbundnum sparnaðarreikningi þann 16.03.2026 eða síðar, gildir þessi útgáfa skilmála fyrir þig.
- Ef þú hófst notkun á óbundnum sparnaðarreikningi fyrir 16.03.2026, gildir útgáfan sem gefin var út [30.07.2025](#) fyrir þig til 17.05.2026. Eftir 17.05.2026 gildir þessi útgáfa skilmála fyrir óbundinn sparnaðarreikning fyrir þig.

1. Hvers vegna þessar upplýsingar eru mikilvægar

Í þessu skjali eru settir fram skilmálar um óbundna sparnaðarreikninginn þinn og tengda þjónustu. Þar koma einnig fram önnur mikilvæg atriði sem þú þarft að vita.

Þetta skjal, ásamt [persónuverndarstefnunni](#) og öðrum skilmálum sem eiga við um þjónustu okkar mynda lagalegan samning („samningurinn“) á milli:

- þín, reikningshafa óbundins sparnaðarreiknings, og
- okkar, Revolut Bank UAB (Revolut Bank).

Við köllum þennan samning skilmála um óbundinn sparnaðarreikning. Þessi samningur er ótímabundinn. Það þýðir að hann er gildur þar til þú eða við riftum honum. Ef ósamræmi er á milli [persónulegu skilmálanna](#) og þessara skilmála gilda þessir skilmálar.

Þessir skilmálar um óbundinn sparnaðarreikning eru undirritaðir rafrænt.

Við leggjum okkur fram við að svara þér á því tungumáli sem þú kýst en áskiljum okkur rétt til að svara á ensku nema annars sé krafist samkvæmt lögum.

Revolut Bank UAB er banki sem er skráður og með starfsleyfi í Lýðveldinu Litháen, er með fyrirtækjanúmerið 304580906, leyfisnúmerið LB002119 og skráða skrifstofu á Konstitucijos ave. 21B, 08130 Vilnius, Litháen. Sem lánastofnun erum við háð eftirliti og með starfsleyfi frá [Seðlabanka Litháens](#) og [Seðlabanka Evrópu](#). Hægt er að sjá leyfið okkar [hér](#) á vefsvæði Seðlabanka Litháens, dagsett 13. desember 2021, og stofnsetningar- og fyrirtækjaskráningarskjöl okkar [hér](#) á vefsvæði fyrirtækjaskrár Litháens. Seðlabanki Litháens er seðlabanki og fjármálaeftirlit Lýðveldisins Litháens með heimilisfangið Gedimino ave. 6, 01103 Vilnius, Lýðveldinu Litháen og

skráningarnúmer 188607684 (frekari upplýsingar um Seðlabanka Litháens má nálgast á heimasíðu hans á www.lb.lt, hægt er að hafa samband við Seðlabanka Litháens í síma +370 800 50 500).

Alltaf er hægt að nálgast þessa skilmála um óbundinn sparnaðarreikning ásamt [persónuverndarstefnu](#) Revolut Bank, [stöðluðum upplýsingum um innstæðutryggingar](#) frá opinberu stofnuninni fyrir innstæðu- og fjárfestingartryggingar (Viešoji įstaiga „Indėlių ir investicijų draudimas“) og öðrum skilmálum um þjónustu okkar í Revolut-forritinu eða á vefsvæðinu okkar. Auk þess sendum við þér lykilskjölin í tölvupósti þegar þú samþykkir þessa skilmála.

2. Hvers konar reikningur er óbundni sparnaðarreikningurinn minn?

Óbundni sparnaðarreikningurinn þinn (**óbundni sparnaðarreikningurinn**) hjá okkur er óbundinn innlánsreikningur undir viðskiptareikningnum þínum hjá Revolut og fjármunirnir á honum eru í formi innstæðu. Í þessum skilmálum gætum við talað um „óbundna sparnaðarreikninginn“ eða „reikninginn“.

Þegar þú leggur inn peninga á óbundna sparnaðarreikninginn tökum við á móti þeim, varðveitum þá fyrir þig og skuldbindum okkur til að skila þeim til þín ef þú óskar eftir því. Eina leiðin til að leggja inn á eða taka út af óbundna sparnaðarreikningnum er með því að eiga viðskiptareikning hjá okkur eins og lýst er í þessum skilmálum um óbundinn sparnaðarreikning.

Hafðu í huga að **óbundni sparnaðarreikningurinn er ekki greiðslureikningur** og ekki er hægt að nota hann til að senda eða taka á móti greiðslum heldur getur þú aðeins lagt inn á hann með þeim hætti sem lýst er í þessum skilmálum um óbundna sparnaðarreikninginn. **Sparnaðarreikningurinn er undirreikningur Revolut-viðskiptareikningsins þíns. Þess vegna er óbundni sparnaðarreikningurinn ekki með sérstakar reikningsupplýsingar (t.d. IBAN-númer).**

Þú getur opnað fleiri en einn óbundinn sparnaðarreikning hjá Revolut, sem allir falla undir þessa skilmála um óbundinn sparnaðarreikning (sem þýðir að þú þarft aðeins að samþykkja þessa skilmála í fyrsta skipti sem þú stofnar óbundinn sparnaðarreikning og að við sendum þessi gögn aðeins til þín í það skipti). Þú getur alltaf sótt nýjustu skilmála sparnaðarreikningsins í Revolut-forritinu eða á vefsvæðinu eða óskað eftir afriti frá okkur.

Þú getur lokað öllum óbundnum sparnaðarreikningum hvenær sem er. Stofnun nýs óbundins sparnaðarreiknings lokar ekki sjálfkrafa þeim sem fyrir er. Ef þú lokar öllum

Óbundnum sparnaðarreikningum hjá Revolut leiðir það einnig til þess að þú átt ekki lengur sparnað hjá Revolut. Lokun á öllum óbundnum sparnaðarreikningum þýðir þó ekki að öðrum reikningum sem þú átt hjá Revolut (til dæmis viðskiptareikningnum þínum eða sameiginlegum reikningi) verði einnig lokað.

Þú mátt ekki nota óbundna sparnaðarreikninginn í viðskiptalegum tilgangi.

3. Get ég opnað óbundinn sparnaðarreikning?

Þú getur aðeins stofnað óbundinn sparnaðarreikning ef þú ert viðskiptavinur Revolut Bank UAB og uppfyllir önnur skilyrði samkvæmt þessum skilmálum um óbundinn sparnaðarreikning.

Með því að samþykkja þessa skilmála um óbundinn sparnaðarreikning staðfestir þú að þú hafir mótttekið, lesið og skilið:

- [skilmálana um óbundinn sparnaðarreikning](#);
- [upplýsingablaðið](#);
- staðlaðar upplýsingar um innstæðutryggingar opinberu stofnunarinnar fyrir innstæðu- og fjárfestingartryggingar („Viešoji ųstaiga „Indėlių ir investicijų draudimas“) sem einnig er hægt að nálgast [hér](#).

Við gætum boðið upp á óbundinn sparnaðarreikning í tilteknum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu en ekki öðrum. Hugsanlega getum við ekki stofnað óbundinn sparnaðarreikning fyrir þig ef þú býrð í landi þar sem ekki er boðið upp á óbundna sparnaðarreikninga.

Þegar þú biður okkur um að stofna óbundinn sparnaðarreikning kunnum við að biðja um upplýsingar um þig og uppruna peninganna sem þú leggur inn á óbundna sparnaðarreikninginn. Við gerum þetta af ýmsum ástæðum, þar á meðal til að uppfylla lagaskilyrði og kröfur samkvæmt reglum. Gakktu úr skugga um að þú hafir gefið okkur allar þær upplýsingar sem við höfum beðið um frá þér. Þegar við höfum þær upplýsingar sem við þurfum stofnum við óbundna sparnaðarreikninginn og þú getur lagt inn á hann. Ef þú hefur þegar veitt einingu innan samstæðunnar okkar þessar upplýsingar þegar þú stofnaðir notandareikning viðurkennir þú og samþykkir að við kunnum að nota og reiða okkur á þær upplýsingar í þessum tilgangi.

Í [persónuverndarstefnunni](#) fyrir viðskiptavini er útskýrt hvernig við notum upplýsingarnar þínar í þessum og öðrum tilgangi.

Við getum ekki veitt þér þjónustu fyrr en þú hefur staðist innra eftirlit okkar. Við látum þig vita í Revolut-forritinu þegar þú hefur gert það og þegar óbundni sparnaðarreikningurinn hefur verið stofnaður.

Ef einhverjar persónuupplýsingar þínar breytast verður þú að láta okkur vita tafarlaust.

Með „netfangi“ er átt við netfangið sem þú gafst upp í nýskráningarferlinu (nema þú hafir uppfært netfangið síðar). Mikilvægt er að þú gefir upp netfangið þitt sem þú notar helst og athugir það reglulega. Ef netfangið þitt breytist eða ef þú átt í vandræðum með að fá eða opna tölvupóst frá okkur verður þú að láta okkur vita tafarlaust. Annars samþykkir þú að ef tölvupóstur hefur verið sendur á netfangið þitt ættirðu að hafa lesið hann, jafnvel þótt þú hafir ekki gert það af einhverjum ástæðum.

4. Hvernig legg ég inn á óbundna sparnaðarreikninginn minn?

Leggðu inn peninga hvenær sem er

Einungis er hægt að leggja inn á óbundinn sparnaðarreikning með því að millifæra fjármuni inn á reikninginn af viðskiptareikningnum þínum hjá okkur.

Þótt markmið okkar sé að afgreiða þessar beiðnir tafarlaust, geta komið upp undantekningartilvik þar sem innborganir tefjast af rekstrarlegum ástæðum. Ef töf verður, munum við veita upplýsingar í gegnum Revolut-appið þar sem því verður við komið.

Heildarfjárhæðin sem þú getur lagt inn á þinn óbundna sparnaðarreikning kann að vera takmörkuð, háð því hvers konar áskriftarleið (plan) þú ert með hjá okkur; þessar upplýsingar er að finna í Upplýsingablaði um innstæður.

Hversu fljótt verða peningarnir lagðir inn?

Innborgunin verður lögð inn á óbundna sparnaðarreikninginn um leið og þú millifærir þessa fjármuni af viðskiptareikningnum inn á óbundna sparnaðarreikninginn.

5. Greiðið þið einhverja vexti af innstæðunni á óbundna sparnaðarreikningnum mínum?

Við greiðum vexti af innstæðunni á óbundna sparnaðarreikningnum í lok hvers dags. Vextir eru reiknaðir á ársgrundvelli eins og tilgreint er í upplýsingaskjalinu sem er aðgengilegt í Revolut-forritinu. Ársvextirnir þínir fara eftir áskriftarleiðinni sem þú ert

með hjá okkur. Vextirnir eru reiknaðir út frá raunfjölda daga á ári og raunfjölda daga í mánuði.

Þar sem það á við, kunnum við að beita mismunandi vöxtum á mismunandi hluta inneignar þinnar (sem kallast „þrep“). Til dæmis gætu einir vextir gilt um inneign þína upp að ákveðnu marki, á meðan aðrir vextir gilda um þær fjárhæðir sem umfram eru; frekari upplýsingar, þar á meðal nánari útlistun á vöxtum, er að finna í Upplýsingablaði um innstæður. Ef margir mismunandi vextir gilda um inneign þína í mismunandi þrepum, munum við sýna það sem eina vaxtaþróun í appinu, reiknaða sem vegið meðaltal byggt á inneign þinni.

Til að finna vegið meðaltal vaxta þinna, reiknum við út þá vexti sem þú vinnur þér inn í hverju þrepi, leggjum þær fjárhæðir saman og deilum heildarupphæðinni með heildarstöðu þinni á óbundnum sparnaðarreikningi.

Innstæður umfram 100.000 € falla ekki undir eða njóta verndar Innstæðutryggingar

Skattar af áföllnum vöxtum eru innheimtir í hverju landi fyrir sig. Frekari upplýsingar er að finna í 21. hluta þessara skilmála um óbundinn sparnaðarreikning.

Vextirnir byrja að safnast upp um leið og þú leggur inn fjármuni af notandareikningnum þínum inn á óbundinn sparnaðarreikning og fyrsta vaxtagreiðslan fer fram næsta almanaksdag eftir að þú leggur inn fjármuni af notandareikningnum þínum inn á óbundinn sparnaðarreikning.

Vextirnir eru reiknaðir með eftirfarandi formúlu:

Vergir vextir = Lokainnstæða á óbundnum sparnaðarreikningi * vergir vextir / fjölda daga á ári

Revolut heldur hins vegar eftir sköttum, í samræmi við litháískar skattareglur, af áföllnum vöxtum og daglegar vaxtagreiðslur á óbundna sparnaðarreikningnum verða að frádregnum staðgreiðsluskatti.

Þrátt fyrir að vextir safnist upp daglega er lágmarksviðmiðið fyrir vexti á óbundnum sparnaðarreikningi 0,01 evra. Þetta þýðir að vextir geta ekki verið greiddir inn á óbundinn sparnaðarreikning daglega (þar til nettóvextir verða að lágmarki 0,01 evra). Áunnir vextir verða greiddir inn á óbundinn sparnaðarreikning þegar þeir ná lágmarkinu 0,01 evra.

6. Hvernig tek ég út af óbundna sparnaðarreikningnum mínum?

Við endurgreiðum þér peninga af óbundna sparnaðarreikningnum að beiðni þinni. Þótt markmið okkar sé að afgreiða þessar beiðnir tafarlaust, geta komið upp undantekningartilvik þar sem úttektir tefjast af rekstrarlegum ástæðum. Ef töf verður, munum við veita upplýsingar í gegnum Revolut-appið þar sem því verður við komið. Þú getur alltaf farið fram á að taka út af reikningnum allar fjárhæðir sem eru ekki hærrí en innstæðan á óbundna sparnaðarreikningnum þínum. Þegar þú tekur fjármunina út af óbundna sparnaðarreikningnum millifærum við þá yfir á viðskiptareikninginn þinn hjá okkur.

Þú færð vexti af innstæðunni á óbundna sparnaðarreikningnum fram á almanaksdaginn áður en þú tekur fjármunina út af óbundna sparnaðarreikningnum.

7. Hvernig eru peningarnir mínir varðir?

Peningarnir þínir njóta einnig verndar eftir þeir hafa verið lagðir inn á óbundna sparnaðarreikninginn.

Innstæðutryggingar í Litháen (opinbera stofnunin fyrir innistæðu- og fjárfestingartryggingar) tryggja innstæðurnar þínar í samræmi við skilyrðin sem sett eru í lögum um innstæðutryggingar og skuldbindingar gagnvart fjárfestum í Lýðveldinu Litáen, sem nálgast má hér.

Innstæðutryggingar í Litháen (opinbera stofnunin "Indélijú ir investicijú draudimas") tryggir innstæður þínar allt að 100.000 €; innstæður umfram 100.000 € njóta ekki verndar hjá litháíska Innstæðutryggingar. Vinsamlegast kynntu þér takmörk innstæðutryggingar þinnar hér.

8. Réttur okkar til að taka peninga út af óbundna sparnaðarreikningnum þínum í undantekningartilvikum

Við eigum rétt á að taka út peninga af óbundnum sparnaðarreikningi þínum án fyrirmæla frá þér í eftirfarandi tilvikum:

- ef peningar voru millifærðir á óbundinn sparnaðarreikning þinn án lagagrundvallar (þ.e. vegna svika, mistaka eða tæknilegra villna);
- þegar okkur, sem þjónustuveitanda, ber samkvæmt gildandi lögum að halda eftir og greiða til lögbærra yfirvalda skatta sem eiga við um þig sem innstæðueiganda; eða
- í öðrum tilvikum, eins og kveðið er á um í gildandi lögum.

9. Hvernig fæ ég upplýsingar um færslur á óbundna sparnaðarreikningnum?

Þú getur skoðað allt inn- og útstreymi óbundna sparnaðarreikningsins í Revolut-forritinu. Ef þú þarft að geyma afrit af upplýsingunum eftir að óbundnum sparnaðarreikningi hefur verið lokað þarftu að sækja það. Þú getur sótt upplýsingar úr Revolut-forritinu á meðan þú ert viðskiptavinur eða, ef óbundnum sparnaðarreikningi þínum er lokað, haft samband við support@revolut.com til að fá slíkar upplýsingar frá okkur.

Þú getur sótt færslufirlit óbundins sparnaðarreiknings í Revolut-forritinu hvenær sem er með því að velja tímabilið sem þú vilt skoða, þar á meðal allt inn- og útstreymi og vaxtagreiðslur.

Reglubundnar upplýsingar

Við sendum þér sérstaka tilkynningu einu sinni á ári og innan þrjátíu daga frá lokun óbundins sparnaðarreiknings sem inniheldur inn- og útstreymi af óbundna sparnaðarreikningnum undanfarna 12 (tólf) mánuði eða skemur ef óbundni sparnaðarreikningurinn var opinn í innan við 12 (tólf) mánuði, ásamt öðrum skjölum sem krafist er samkvæmt lögum.

10. Við getum breytt þessum skilmálum um óbundinn sparnaðarreikning

Við breytum samningnum einungis af eftirfarandi ástæðum:

- ef við teljum að breytingarnar geri hann auðskiljanlegri eða gagnlegri;
- til að endurspeglar rekstur okkar, einkum ef breytinga er þörf vegna breytinga á framboði fjármálakerfis eða tækni;
- til að endurspeglar lagalegar kröfur eða kröfur samkvæmt reglum sem gilda um okkur (þar á meðal löggjöf og öðru lagalegu eftirliti, staðbundnum löggerningum eða öðrum löggerningum Evrópusambandsins eða úrlausn, fyrirætlum, tilmælum eða leiðbeiningum frá dómstóli, gerðardómi eða stjórnvaldi sem stýrir samningssambandinu milli þín og okkar samkvæmt þessum skilmálum, eða breytingum á opinberri túlkun eða túlkun dómstóla á þeim);
- til að endurspeglar breytingar á kostnaði við rekstur okkar (t.d. breytingar á kröfum um skatta, fjármagn eða lausafjárstöðu sem eiga við um okkur, á rekstrarkostnaði okkar eða öðrum þáttum sem hafa áhrif á kostnað okkar); eða

- til að endurspeglar breytingar á fjárhæð gjalds fyrir viðeigandi lögbundna innstæðutryggingu;
- til að endurspeglar breytingar á aðstæðum á fjármálamörkuðum og þjóðhagslega atburði (t.d. vexti innlánsstofnana Seðlabanka Evrópu, samanlagða eða þjónustutengda vísitölu neysliverðs, verðbólgu, breytingar á vöxtum og ávöxtun sem skilgreindar eru af þriðja aðila og stofnað er til af okkur í tengslum við þjónustu okkar við þig og aðra þætti sem hafa áhrif á markaði þar sem við störfum eða stöðu okkar á þeim);
- til að endurspeglar breytingar á þjónustuskilyrðum þriðju aðila (t.d. útvistaðs aðila, umboðsaðila) í tengslum við þjónustuna sem við veitum þér; eða
- vegna þess að við erum að breyta eða kynna nýja þjónustu eða vörur sem hafa áhrif á núverandi þjónustu okkar eða vörur sem falla undir þessa skilmála um óbundinn sparnaðarreikning.

Tilkynningar til þín varðandi breytingar

Ef við bætum nýrri vöru eða þjónustu við sem breytir ekki samningnum getum við bætt vörunni eða þjónustunni við strax og látið þig vita áður en þú notar hana.

Ef við gerum breytingar sem hafa áhrif á gjöld og kostnað, eða ef við breytum þessum skilmálum á einhvern annan hátt, tilkynnum við þér það skriflega með að minnsta kosti tveggja mánaða fyrirvara. Við gerum ráð fyrir að þú sért sátt(ur) við breytinguna nema þú látir okkur vita að þú viljir loka reikningnum þínum án þess að greiða nein gjöld áður en breytingin tekur gildi.

Ef um er að ræða óhagstæða breytingu á vöxtum, gjöldum, kostnaði og öðrum samningsskilmálum hefur þú rétt á að loka reikningnum þínum og rifta samningnum samstundis án þess að greiða nein gjöld daginn áður en breytingin tekur gildi.

11. Breytingar á vöxtum

Við höfum rétt á að breyta ársvöxtum sem gilda um þig. Ef vextir lækka látum við þig vita einum mánuði áður en breytingin tekur gildi. Ef þú samþykkir ekki breytinguna innan þess tíma getur þú lokað óbundna sparnaðarreikningnum.

Ef vextir hækka getum við gert breytinguna samstundis. Við gætum látið þig vita af því fyrir eða eftir breytinguna.

Mundu að ársvextirnir geta verið mismunandi eftir greiddu áskriftarleiðinni sem þú ert með hjá okkur. Ef þú breytir áskriftinni þinni (upp- eða niðurfærir hana) munu

ársvextirnir ýmist hækka eða lækka.

12. Skattar og gjöld

Revolut Bank innheimtir engin gjöld af þér fyrir og í tengslum við þennan samning. Þetta þýðir einnig að þú greiðir okkur engin gjöld í tengslum við notkun þína á Revolut-forritinu eða öðrum fjarskiptum vegna óbundna sparnaðarreikningsins.

Þú viðurkennir og samþykkir að þú berir fulla ábyrgð á umsjón með lagalegum skuldbindingum þínum og skattamálum, þar á meðal framtalsskilum og skattgreiðslum, og að þú fylgir öllum gildandi lögum og reglugerðum. Slíkt kann að ráðast af persónulegri skattalegri stöðu þinni og gildandi skattareglum sem geta breyst öðru hverju. Athugaðu að staðgreiðsluskatturinn getur verið frábrugðinn endanlegri skattlagningu sem þú ákveður í samræmi við gildandi reglugerðir. Þú ættir að leita óháðrar og faglegrar ráðgjafar hæfra skattaráðgjafa ef einhverjar spurningar vakna hvað þetta varðar.

Í samræmi við gildandi litháísk skattalög ber okkur skylda til að halda eftir 15% staðgreiðsluskatti af vöxtum sem lagðir eru inn á sparnaðarreikning/-a þinn/þína. Til að taka af allan vafa munum við ekki hækka neinar greiðslur vegna slíks frádráttar eða staðgreiðsluskatts eða bæta þér upp þessa staðgreiðslu skatta með öðrum hætti. Við drögum viðeigandi skatt af vöxtunum þínum áður en þeir eru lagðir inn á sparnaðarreikninginn þinn. Þegar um er að ræða mjög lágar innstæður á sparnaðarreikningi og þörf á að halda eftir staðgreiðsluskatti geta komið upp tilvik þar sem staðgreiðsluhlutfallið virðist herra en lögbundið skatthlutfall.

13. Hvernig loka ég óbundna sparnaðarreikningnum?

Þú getur tekið út af óbundna sparnaðarreikningnum þínum og þannig slitið þessum samningi innan 14 daga frá stofnun hans með því að láta okkur vita í Revolut-forritinu eða með því að senda okkur tölvupóst á support@revolut.com. Þú hefur rétt til að segja upp án þess að greiða nein viðurlög og án þess að þurfa að tilgreina ástæðu. Ef þú tekur út af óbundnum sparnaðarreikningi leggjum við allar eftirstöðvar og áunna vexti inn á viðskiptareikninginn þinn.

Þú heldur rétti þínum til að loka óbundna sparnaðarreikningnum og rifta þannig þessum samningi hvenær sem er og endurgjaldslaust með því að láta okkur vita, jafnvel eftir að 14 daga tímabilinu er lokið. Þú getur gert það í Revolut-forritinu eða með því að senda okkur tölvupóst á support@revolut.com.

Hvað gerist ef viðskiptareikningnum mínum er lokað?

Um leið og óbundnum sparnaðarreikningi þínum hefur verið lokað leggjum við allar eftirstöðvar og áunna vexti inn á viðskiptareikninginn þinn hjá okkur.

Viðskiptareikningurinn þinn hjá okkur og óbundni sparnaðarreikningurinn eru mismunandi reikningar og það er ekki hægt að gerast áskrifandi að óbundnum sparnaðarreikningi hjá okkur án áskriftar að viðskiptareikningi. Ef óbundnum sparnaðarreikningi er lokað lokast viðskiptareikningur ekki sjálfkrafa.

Ef viðskiptareikningi þínum er lokað verðum við einnig að loka óbundnum sparnaðarreikningi þínum.